

Alþingi
Erindi nr. P 126/1588
komudagur 22.3.2001

Formaður efnahags- og
viðskiptanefndar Alþingis
Vilhjálmur Egilsson.

Reykjavík, 19. mars 2001

Efni: Umsögn Sambands íslenskra bankamanna, Félags starfsmanna Landsbanka Íslands(FSLÍ) og Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands(SBÍ) um frumvarp til breytingar á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Félögin SÍB, FSLÍ og SBÍ hafa fram til þessa ekki reynt að standa í vegi fyrir að Landsbanki og Búnaðarbanki verði gerðir að hlutafélögum og síðan einkavæddir. Hins vegar hafa þau gert miklar kröfur til þess að vel sé staðið að öllum breytingum og við hverja breytingu sé sérstaklega tekið tillit til þess að innan Landsbanka og Búnaðarbanka vinna um tvö þúsund starfsmenn.

Í umsögn okkar um frumvarpið leggjum við, hér á eftir, annars vegar áherslu á hlut og afdrif starfsmanna vegna sölu hlutabréfanna og hins vegar er lögð áhersla á óbreytt lagaumhverfi að því er varðar réttarstöðu starfsmanna við gerð kjarasamninga og verkfallsrétt.

Það vekur athygli okkar hversu litla umfjöllun er að finna um hlut starfsmanna í annars ítarlegum athugasemdum um lagafrumvarpið. Aðeins í athugasemdum Þjóðhagsstofnunar um frumvarpið er dregið á hlut starfsmanna og varað við að fækkun starfsmanna geti leitt til röskunar á vinnumarkaðinum.

SÍB, FSLÍ og SBÍ eru þeirrar skoðunar að huga þurfi vel að málefnum starfsmanna áður en til þess kemur að bankarnir fari úr höndum ríkisins þar sem gera má ráð fyrir að þær breytingar og hagræðingar sem í kjölfarið fylgi komi fyrst og fremst niður á starfsmönnum. Það er reynsla annarra, m.a á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandseyjum, að eldri starfsmönnum sé fyrst og fremst fórnað þegar í gang fara hagræðingar vegna einkavæðingar og því miður er eldri konum fyrst sagt upp störfum, en þær eru mjög margar í bönkunum tveimur.

Þessum starfsmönnum, sem hafa lengi og af mikilli hollustu starfað við þjónustugreinar eins og bankastörf er hættast við að lenda til langs tíma á atvinnuleysisstrá. Við þessari hættu viljum við sérstaklega vara núverandi meirihlutaeigendur Landsbanka og Búnaðarbanka.

Nauðsynlegt er að grípa til ráðstafana sem gagnast starfsmönnum bankanna áður en bankarnir verða seldir frá ríkinu, en nokkurn fyrirvara þarf til að hægt sé að koma þeim ráðstöfunum í kring.

Þannig mætti fara svipaðar leiðir og notaðar eru á hinum norðurlöndunum, m.a. með því að bjóða þeim starfsmönnum sem eru á aldrinum 40 til 50 ára að fara til náms í eitt til tvö ár á launum og að þeir starfsmenn sem orðnir eru 55 til 65 ára fái rýmri heimildir til að láta af störfum á eðlilegum eftirlaunum.

Þannig er mælst til þess að við einkavæðingu bankanna verði norsku aðferðinni beitt en hún hefur reynst vel, en þar er eðlileg starfsmannaveita smám saman látin draga úr áhrifum minnkandi mannaflaparfar, en ekki gripið til uppsagna. Höfuðáhersla er lögð á að starfsmennirnir séu vel undir það búnir að mæta breytingum þegar að þeim kemur.

SÍB, FSLÍ og SBÍ leggja áherslu á að nú er verið að stíga stór skref með stóra vinnustaði, sem byggja fyrst og fremst á þeirri auðlind sem felst í þekkingu og hæfni starfsmanna. Við treystum því að fyrirhugaðar breytingar verði gerðar með samþykki starfsmanna og í góðri samvinnu við þá og kjörna fulltrúa þeirra.

Samningsréttur allra starfsmanna banka og sparisjóða hefur í nær aldarfjórðung farið eftir lögum nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. Hefur þannig verið gengið frá samningsréttinum að réttur ríkisbankastarfsmanna hefur farið eftir lögum en réttur starfsmanna annara banka og sparisjóða hefur byggst á sérstöku samkomulagi sem gert er milli SÍB og hverrar og einnar stofnunar, en samkomulagið tekur þó að öllu leyti mið af lögum.

Á umliðnum árum hefur nokkrum sinnum komið upp umræða um breytingar á samnings- og verkfallsrétti bankastarfsmanna. Kom sú umræða t.d. upp þegar breytt var lögum um stéttarfélög og vinnudeilur á árinu 1996 með lögum nr. 75/1996. Er ljóst að verfallsrétturinn sem þá var breytt á hinum almenna vinnumarkaði, er mun rýmri en sá verkfallsréttur sem bankastarfsmenn hafa skv. lögum nr. 34/1977.

Með lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands segir í III. kafla laganna, um réttindi starfsmanna, að um kjarasamninga bankanna við starfsmenn skuli fara samkvæmt lögum nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins sbr. 12. gr.

Þannig var strax í upphafi einkavæðingarinnar lögfest sú regla að um kjarasamninga og verkfallsrétt starfsmanna í hlutafélgabönkunum tveimur í eigu ríkisins skyldi eftirleiðis fara eftir sömu lögum og giltu um starfsmenn ríkisbankanna. Með því að lög kveða sérstaklega á um rétt þennan verður ekki litið svo á að þörf sé fyrir það samkomulag sem SÍB og aðrar stofnanir en ríkisbankastofnanir hafa byggt á.


SÍB lítur svo á að það lagaumhverfi sem verið hefur til staðar hjá starfsmönnum hlutafélagabankanna sé í fullu gildi þrátt fyrir að ríkið selji hluti sína í bönkunum.

Rétt er að benda hér á að á Norðurlöndunum öllum nema Íslandi eiga starfsmenn fulltrúa í stjórnnum hlutafélagabanka. Þessi sterki nútímalegi meðákvörðunarréttur er tryggður með lögum í hverju landi. Í Noregi, þar sem ríkið á enn stóran eignarhluta í bönkunum (m.a. 60% í Den norske Bank) og markaðurinn því að flestu leyti líkur okkar, er þessi réttur starfsmanna til að tilnefna menn í stjórn banka tryggður í 3. kafla í lögum bæði um viðskiptabanka og lögum um sparisjóði (Lov om forretningsbanker 3 kapittel og Lov om sparebanker 3 kapittel). Það er og hefur lengi verið krafa SÍB og allra aðildarfélaga þess að starfsmenn fái að velja mann úr sínum röðum til setu í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þrátt fyrir að ekki sé verið nú að breyta lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er þessari kröfu enn og aftur komið á framfæri við Alþingi.


Virðingarfyllst



Friðbert Traustason, form SÍB



Helga Jónsdóttir form. FSLÍ



Jón Ágúst Sigurðsson, form. SBÍ